

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/475**  
**komudagur 4. 12. 2003**

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og  
viðskiptanefnd  
nefndarritari  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2003

2003110232

Með bréfi dags. 12. nóvember sl. er óskað eftir að ríkisskattstjóri gefi umsögn um frumvarp á þingskjali 91, 91. mál, breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt er þess efnis að styrkur í formi fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélagi verði ekki talinn til tekna og bætist þannig við upptalningu í 28. gr. laganna.

Tekjuhugtak skattalaganna er mjög vítt og tekur til flest allra tekna óháð því hver er greiðandi þeirra og hvers eðlis þær eru. Frávik frá þessu, sbr. 28. gr. laganna, eru fá flest vel afmörkuð og eðlileg. Fyrir jafnræði í skattlagningu og skattframkvæmd er nauðsynlegt að ekki sé vikið frá þeirri meginreglu að allar tekjur séu skattskyldar og að undantekningar séu fáar og rök fyrir þeim augljós.

Með hliðsjón af framangreindu þykir auðsýnt að breyting skv. frumvarpinu sé óæskileg. Engin sérstök rök mæla með skattfrelsi fjárhagsaðstoðar, sem með tilliti til skattlagningar verður ekki að efni né formi vel aðgreind frá t.d. ýmsum bótum almannatrygginga sem líkt og fjárhagsaðstoðin er greidd vegna framfærslusjónarmiða. Þá er þess að geta að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er mjög misjöfn milli sveitarfélaga og engar samræmdar reglur gilda um hana. Skattleysi slíkra bóta myndi því sjálfkrafa leiða til misræmis í skattlagningu.

Þá má benda á það að fyrir þá sem tekjulægstir eru og greiða ekki tekjuskatt eða útsvar er engin bót að því að undanskilja tekjur þessar skattlagningu. Í ýmsum tilvikum er fjárhagsaðstoðin veitt vegna tímabundinna aðstæðna og óháð eða lítið tengd heildartekjum ársins. Í þeim tilvikum myndi skattfrelsið leiða til óviðunandi misræmis milli þessara aðila og annarra með sambærilegar árstekjur.

Ljóst þykir að sú breyting sem lögð er til samræmist illa grundvallaratriðum í tekjuskattslögunum, er til þess fallin að skapa ójöfnuð og myndi leiða til erfiðleika í skattframkvæmd. Af þessum ástæðum öllum leggst ríkisskattstjóri gegn því að umrædd breyting nái fram að ganga.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Indriði H. Þorláksson'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'I'.

Indriði H. Þorláksson  
ríkisskattstjóri